ÖLDUSELSSKÓLI

Námsáætlun / bekkjarnámskrá 2026 – 2027

Stærðfræði, 4. bekkur

Kennari/ar

Kristín Steinunn Birgisdóttir, kristin.steinunn.birgisdottir@reykjavik.is

María Thorlacius, maria.thorlacius.yngvinsdottir@reykjavik.is

Sigríður Hrönn Þórarinsdóttir, sigridur.hronn.thorarinsdottir@reykjavik.is

Elma Finnlaug Þorsteinsdóttir, Elma.Finnlaug.Thorsteinsdottir@reykjavik.is

Lýsing

Kennslutími: 230 mínútur á viku samkvæmt stundatöflu. Lögð er áhersla á talnaskilning, reiknifærni, rökhugsun og lausnaleit. Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Markmið / inntak

Nemendur vinna með sætiskerfi, reikniaðgerðirnar fjórar, einföld brot, mynstur og jöfnur. Þeir þjálfast í rúmfræði, mælingum, klukku, gagnavinnu og líkum og læra að útskýra lausnaleiðir sínar.

Námsefni

Unnið er með:

- Sproti
- Stærðfræðispæjarinn
- Hlutbundin gögn, spil og verkefni á stærðfræðistöðvum

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram með stuttri innlögn, einstaklings- og paravinnu, þrautalausnum og stærðfræðistöðvum. Nemendur nota hlutbundin gögn og ræða mismunandi leiðir að lausn. Verkefni eru aðlöguð að stöðu nemenda.

Námsmat

Stuttar kannanir eru lagðar fyrir og niðurstöður birtast í Mentor. Einnig er fylgst með skilningi, vinnubrögðum og hæfni nemenda til að útskýra og rökstyðja lausnir. Endurgjöf styður við framfarir.

Námslotur

Námið er samþætt en megináherslur eru:

Tölur og reikningur: sætiskerfi, reikniaðgerðir og brot.

Lausnaleit og algebra: þrautir, mynstur og einfaldar jöfnur.

Rúmfræði og mælingar: form, stærðir, mælieiningar og klukka.

Tölfræði og líkindi: gagnasöfnun, myndrit og einfaldar tilraunir.

Hæfniviðmið úr aðalnámskrá **(listuð upp eins og þau eru í aðalnámskrá)**

Valin hæfniviðmið við lok 4. bekkjar. Nemandi getur:

- nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum,
- tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleiðir,
- nýtt aðferðir og leiðir til að leysa þrautir og rökstutt svör sín,
- unnið, einn og í samvinnu, að lausnum á stærðfræðilegu viðfangsefni með því að kanna, rannsaka og setja fram tilgátur,
- raðað náttúrulegum tölum og einföldum brotum eftir stærð,
- notað tugakerfisritháttt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun náttúrulegra talna,
- nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölum,
- unnið með einföld brot og hlutföll með flatarlíkani, á talnalínu og á brotastriki,
- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnarunum og myndrænum mynstrum og spáð fyrir um framhald mynsturs,
- fundið eina óþekkta stærð í jöfnu með heiltölum og rökstutt lausnir sínar.
- talið, flokkað og skráð, lesið og túlkað niðurstöður og sett upp í einföld myndrit, með og án stafrænna hjálpartækja,
- lesið og notað mismunandi framsetningu á tíma, notað skífu- og stafræna klukku og lesið tímatöflur,

Heimild: Aðalnámskrá grunnskóla, 25. kafli, adalnamskra.is.